

**Ed. 467. Frumvarp til laga**

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skal öðlast:

Unnur Skúladóttir Thoroddsen, frú, Kaupmannahöfn, fædd á Íslandi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Kona sú, sem hér um ræðir, er af íslenzku bergi brotin og fædd hér á landi. Ástæðan til þess, að hún missti íslenzkan ríkisborgararétt, er nú úr sögunni, og hefði henni verið veittur rétturinn á síðasta þingi, ef þá hefði eigi á skort beina umsókn hennar. Nú liggur slík umsókn fyrir, og leggur allsherjarnefnd til, að við henni verði orðið.